



BA-nám í stjórnmálafræði

Fjölbreytt,
krefjandi
og skemmtilegt

UNIVERSITATIS
ISLANÐIAE
SIGILLUM



Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands og BA-nám í stjórnmálafræði



Ágæti lesandi.

Hvað eru stjórnmál og hvað lærir fólk í Stjórnmálafræðideild? Ekkert einhlítt svar er til við því hvað stjórnmál eru því það er breytilegt eftir tímaskeiðum og samfélögum hvert hið opinbera viðfangsefni stjórnmálanna er. Í Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands nálgumst við hugtakið stjórnmál í sinni víðustu merkingu og kennsla og rannsóknir innan deildarinnar eru í samræmi við það. Í grunnnámi er fjallað um hefðbundin viðfangsefni stjórnmálafræða svo sem meginvið íslenskra og alþjóðlegra stjórnmála, aðferðafræði vísinda og vinnubrögð. En þar er einnig fjallað um nýrri viðfangsefni og nálganir eins og stjórnmálasálfræði og margbreytileika- og kynjafræði þar sem tengslin milli einstaklings og samfélags eru krufin og skilin milli hins opinbera og einkasviðsins eru endurskilgreind. Nemendur sem ljúka námi frá

Stjórnmálafræðideild hafa traustan og haldgóðan grunn til að leggja fyrir sig margvísleg viðfangsefni og störf í flóknu nútíma-samfélagi. Sum stefna á stjórnmál, önnur fara í upplýsingastörf, blaðamennsku og kennslu eða sérhæfð störf í stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Enn önnur starfa við alþjóðasamskipti, hjá félaga-samtökum eða alþjóðastofnunum. Þá fer stór hópur beint til frekara náms og hefur hlotið til þess traustar undirstöður og gott veganesti. Styrkur Stjórnmálafræðideildar er öflugur og samstillt-ur hópur kennara og fræðimanna sem endurspeglar breidd og sóknarfæri fræðasviðsins eins og þau gerast best.

*Með kærri kveðju,
Þorgerður Einarsdóttir
deildarforseti*



Hvað segja fyrrum nemendur?

Ég valdi stjórnmálafræði vegna þess hversu fjölbreytt og hagnýtt námið var, en einnig vegna þess að ég var ekki nákvæmlega búin að gera það upp við mig hver starfsvettvangur minn yrði en var sannfærð um að góð þekking á þjóð- og stjórnmálum myndi nýtast mér vel. Ég fann strax að námið átti vel við mig, enda kennslan afbragð, náms-efnið áhugavert og svo var ég afar heppin með samnemendur mína. Ég naut þessara námsára því til fulls og hef aldrei efast um að ég hafi valið rétt. Ég hef oft í mínum störfum skynjað hversu mikið þetta nám mótaði mig og mín sjónarmið, og hversu góð áhrif það hefur haft á vilja minn og löngun til að nýta þau fjölbreyttu tækifæri sem felast í okkar góða samfélagi.



Hanna Birna Kristjánsdóttir, stjórnmálafræðingur

Nám í stjórnmálafræði hefur reynst mér vel sem almennur grunnur fyrir starf á fjölmiðli, þar sem fjallað er um flestar eða allar hliðar samfélagsins á hverjum degi. Sá grunnur hefur ekki síst reynst vel í umfjöllun um stjórnmál og stjórnsýslu þegar reynt er að varpa ljósi á þær miklu breytingar sem orðið hafa á hinum miklu umbrotatímum liðinna mánaða. Í boði var fjölbreytt úrval námskeiða þar sem allir nemendur fundu eitthvað við sitt hæfi. Það gafst líka frábært tækifæri til að auka fjölbreytileika og víðsýni með því að nýta tengsl deildarinnar við erlenda háskóla. Ég nýtti mér það sjálfur og tók eina önn við háskólann í Helsinki. Síðast en ekki síst hafa þau vinnubrögð, sem nauðsynlegt er að tileinka sér í náminu, reynst vel þegar á vinnumarkaðinn er komið.



Heiðar Örn Sigurfinnsson, stjórnmálafræðingur

Hvað segja núverandi nemendur?

Stjórnmálafræðin hefur alltaf heillað mig og því ákvað ég að slá til og fara í hana þegar ég fór að huga að háskólanámi. Núna er ég hálfnuð með nám mitt til BA- gráðu í stjórnmálafræði og hefur áhugi minn á efninu aukist enn frekar. Stjórnmálafræðin hefur yfir frábærum hóp kennara að ráða og er vel haldið utan um mann í náminu. Þar að auki er stórkostlegt félagslíf innan deildarinnar. Námið hefur hjálpað mér að byggja upp gagnrýna hugsun sem og öðlast dýpri skilning á stjórnmálum og stjórnmálasögu. Stjórnmálafræðin er að mínu mati ekki einungis mjög skemmtileg heldur einnig mjög hagnýt þar sem hún er þverfagleg og tekur á hinum ýmsu málum og málefnum. Að lokinni BA- gráðu minni í stjórnmálafræði sé ég fram á að mér muni standa margar dyr opnar hvað kemur að framhaldsnámi og atvinnu. Sú þekking sem ég hef öðlast er að mínu mati ómetanleg sem og tími minn innan deildarinnar.



Birta Austmann Bjarnadóttir nemi á 2. ári

Stjórnmálafræði er stórmerkileg fræðigrein sem snýr að grundvallarþáttum mannlegs lífs - hvernig maðurinn skipuleggur samfélag. Þar læra nemendur um hvernig ólík samfélög á ólíkum tímum hafa háttað samskiptum sínum; sameiginlegu yfirvaldi, lögum, reglu og réttlæti. Við lærum um hvernig ólík kerfi og pólitísk menning hafa reynst, um afleiðingar þeirra fyrir velferð manna og um ólíkar kenningar um hvaða leið sé best í samskiptum ríkja og manna. Stjórnmálafræði er áhugaverð því hún fjallar um þessa grundvallarþætti frá fjölbreyttu, fræðilegu sjónarhorni og hún er gagnleg því hún er þverfagleg og hagnýt í allri samfélagslegri starfsemi. Hún kennir okkur hvernig samfélagið virkar og gerir okkur um leið betur fært að meta hvernig samfélagið á að virka. Slík kunnátta er ómetanleg, sérstaklega á þeim tímum sem við lifum.



Viktor Orri Valgarðsson nemi á 3. ári

Nám í stjórnmálafræði - fjölbreytt viðfangsefni



Stjórnmálafræði er krefjandi nám, en jafnframt skemmtilegt og fjölbreytt. Nám í stjórnmálafræði miðar að því að veita nemendum haldgóða menntun um stjórnmál í sem víðustum skilningi.

Flestir afdrifaríkustu viðburðir sem eiga sér stað í heiminum eru af pólitískum toga. Þótt áhugi fólks á stjórnmálum sé mismikill er engin leið að láta sem stjórnmál séu ekki til. Borgarastyrjöld í Afríku, hryðjuverk í Evrópu og valdarán í Asíu eru meðal þeirra atburða sem vanur dagblaðalesandi lætur sér ekki koma á óvart. Stjórnmálabaráttu hefur fylgt manninum frá upphafi sögulegra tíma. Saga mannsins er saga átaka um völd.



Það er ómögulegt að telja upp öll viðfangsefni stjórnmálafræðinnar hér, en svo að örfá dæmi séu nefnd leitast stjórnmálafræðin við að svara spurningum eins og:

- Hvernig skipuleggjum við samfélag okkar til að hámarka frelsi, jafnræði og velsæld?
- Þýðir lýðræði í raun og veru að almenningur ráði einhverju?
- Hvaða þættir leiða til þess að ríki há stríð?
- Hvernig hefur stjórnskipan nýrra lýðræðisríkja (t.d. Írak) áhrif á möguleika þeirra til að viðhalda lýðræði?
- Hvers vegna eru sum ríki viljugri en önnur til að taka þátt í alþjóðasamstarfi, hvort sem um er að ræða Evrópu-sambandið eða Kyoto-sáttmálann?
- Eru kjósendur skynsemisverur eða láta þeir tilfinningarnar ráða för?

Pekking og færni

Í BA-námi í stjórnmálafræði er lögð jöfn áhersla á íslensk stjórnmál, samanburð við önnur ríki og alþjóðastjórnmál.

Nemendur öðlast m.a. þekkingu á:

Íslenskum stjórnmálum: Íslenska stjórnkerfinu og þróun þess ásamt skipulagi, starfsemi og sögu stjórnmálaflokka og hagsmunasamtaka á Íslandi.

Samanburðarstjórnmálum: Stjórnmálum einstakra landa og heimshluta í dag og þróun stjórnmála í mismunandi löndum.

Alþjóðasamskiptum: Þróun alþjóðasamskipta og áhrifum helstu geranda í heiminum á hverjum tíma. Hlutverki og áhrifum alþjóðastofnana í alþjóðasamskiptum og stjórnmálum innanlands.

Opinberri stjórnsýslu og stefnumótun: Hlutverki, skipulagi og helstu verkefnum opinberrar stjórnsýslu. Samspili markaða og stjórnmála, og opinberri stefnumótun.

Stjórnmálakeningum: Kenningahefðum stjórnmálafræðinnar. Skýrandi og boðandi kenningum. Mismunandi sýn á manninn og skipulagi mannlægs samfélags.

Nemendur öðlast m.a. færni í:

Gagnrýnni hugsun: Viðfangsefni stjórnmálafræðinnar byggja á ólíkum kenningum og við lestur og framsetningu þeirra þurfa nemendur að meta kosti og galla hvers sjónarhorns við úrlausn fjölbreyttra verkefna.

Aðferðafræði: Nemendur í stjórnmálafræði læra undirstöðuatriði í aðferðafræði sem gerir þeim kleift að framkvæma tölfraeðilegar rannsóknir í þeim tilgangi að draga ályktanir um hegðun einstaklinga og samtaka auk áhrifa stofnana. Jafnframt öðlast nemendur færni í að leggja mat á rannsóknir og röksemdafærslur annarra.

Upplýsingaöflun: Við ritgerðarsmið öðlast nemendur færni í að safna viðeigandi upplýsingum og nýta sér í náminu og að því loknu.

Ritun: Stjórnmálafræðinemar vinna mörg verkefni þar sem þeir þurfa að svara ákveðnum spurningum. Til þess að vinna verkefni á fullnægjandi hátt þarf nemandi að leita fanga víða og setja svör fram á skilmerkilegan og skipulegan máta.



Hvernig er námið uppbyggt?



BA-nám í stjórnmálafræði (180 einingar)

BA-nám í stjórnmálafræði er skipulagt sem fullt nám í þrjú ár, eða 30 einingar á kennslumisseri. Á fyrsta ári læra nemendur um grundvallaratriði íslenska stjórnkerfisins, klassískar kenningar um stjórnmal, undirstöðuatriði í aðferðafræði, alþjóðastjórnmal, opinbera stjórnsýslu, samanburðarstjórnmal og vinnulag í stjórnmálafræði. Á öðru og þriðja ári er talsvert val í náminu og geta nemendur valið námskeið á þeim sviðum sem þeir kjósa að sérhæfa sig í eða auka þekkingu sína á.

- Almenn stjórnmálafræði fjallar m.a. um stjórnskipan, stjórnmálaflokka, þróun lýðræðis, almenningsálit, fjölmiðla, hagsmunasamtök, stjórnmálaheimspeki, þjóðernishyggju, þátttöku kvenna í stjórnmálum og stjórnmal einstakra landa og heimshluta.
- Alþjóðastjórnmal og alþjóðasamskipti snúast m.a. um varnar- og öryggismál, samruna Evrópu, smáríki, samanburðarstjórnmal, alþjóðalög, alþjóðastofnanir, alþjóðahagkerfið og alþjóðavæðingu.
- Opinber stjórnsýsla fjallar m.a. um opinbera stefnumótun og stjórnsýslu, kenningar um skipulag og stjórnun, stjórnkerfi ríkis og sveitarfélaga og grundvallarreglur stjórnsýsluréttar.

Valnámskeið


Framboð valnámskeiða er breytilegt frá ári til árs, en sem dæmi um valnámskeið má nefna: Bandarísk stjórnmal, Alþjóðastjórnmal Mið-Austurlanda, Íslenskur

vinnumarkaður, Stjórnmálasálfræði, The Power Potential of Small States, Smáríki í Evrópu: Veikleikar, staða og áhrif, Stjórnmálhagfræði, Saga og stjórnmal Afríku, Átaka- og friðarfræði, Hrunið: Hugmyndafræði, stjórnmal, stjórnsýsla, Íslensk þjóðernishyggja.

Nemendur geta valið námskeið úr öðrum greinum innan háskólans og fengið metið sem hluta af frjálsum vali í stjórnmálafræði en leita þarf samþykkis Stjórnmálafræðideildar nema annað sé tekið fram í kennsluskrá.



Vel staðið að móttöku nýnema



Sólrun H. Matardóttir
Kæmi við nýjum námsmálshöfðum

Stjórnmálafræðeiddið stendur fyrir leiðsagnarfundum fyrir nýnema deildarinnar í BA námi. Ánnig fá nemendur a gang a persónulegri leiðsögn kennara og stuðningi námi, allan fyrsta veturinn.

S

er í náminu með markvissri leiðsögn og stuðningi. Nemendur geta selt til sínna kennara með spurningum sem tengjast náminu. Framfarir er í boði mentorakerfi með öðrum nemendum og eru mentorar einnig til staðar allan veturinn.

Stuðningur við nemendur
Á yfirlitsskiðum skilafri verba, auk mentoraranda. Eftir leiðsagnarfund hjá hverjum kennara, tveir á hennarsvæði og tveir á vettvangi. „Við ákveðum í fyrna að tryggja a haldur betur en ein nemendur í stjórnmálafræðeiddi í fyrna á ári með markvissri stuðningi og stuðningi. Við vorum m.a. með þessu leiðsagnarfundum. Við höfum þá fimm sinnum í fyrna og í ár er allan við að hafa fundum í fyrna. Auk leiðsagnarfundanna og mentorakerfis, vorum við með námskeið í námi og þróuninni. Þegar við er á fundum og nemendur höfðu áherslu á fundum.“

svanlafalldur var um 60-70% ómeigin var mikið með þessu. Við höfum einn áherslu um einn að sum þessu meiri frá en það var minnst ekkert“ segir Margrét.

Kröfur til kennara
Með leiðsagnarfundum fá kennarar upplýsingar um hvað nemendum líki við námið og námsyfirkomandi og það þetta betur en frá. „Þetta er mikilvægi að haldur fyrri ekkert á fundum. Það er ekki til að geta kröfur til nemenda, við vorum líka að geta kröfur til aðilar“ segir Margrét. Öll geta verið eftir að komu inn í nýtt umhverfi og því fróðari að hafa einhverjum ínum handum sem þetta námið er um. Að segja Margrét er reyndar til þess að geta og henda til að aðrar ekkert skiljan geta hafi hafi að þriðja ári taka upp við þessu til að styfja við nemendur sína.

Stúdentablaðið, 6.tbl. 2011

Við tökum vel á móti okkar nýnemum

Stjórnmálafræðeiddið leggur sig fram við að taka vel á móti nýnemum í deildinni. Það snýr bæði að félagslegum þáttum og faglegum. Þannig taka allir fyrsta árs nemi þátt í fjórum leiðsagnarfundum með föstum kennurum deildarinnar, sem taka að sér um tíu nemenda hóp hver. Nemendur geta hvenær sem er leitað til síns leiðsagnarkennara með spurningar sem tengjast náminu, þurfi þau leiðsögn. Auk leiðsagnarfunda með kennurum er til staðar mentorakerfi eldri nemenda fyrir fyrsta árs nema.

Lokaverkefni

Nemendur ljúka náminu með 12 eininga BA-ritgerð um efni að eigin vali undir leiðsögn kennara í greininni. Í lokaverkefnum sem og minni verkefnum fá nemendur þjálfun í að takast á við úrlausnarefni á gagnrýninn og agaðan hátt.

Margar leiðir í boði

Fjölbreyttir möguleikar á samsetningu BA-náms

Mögulegt er að taka 120 einingar í stjórn málafræði ásamt 60 einingum úr viðurkenndri aukagrein. Margar deildir háskólans bjóða upp á 60 eininga aukagrein en sem dæmi má nefna:

- Fjölmíðlafræði, Félags- og mannvísindadeild
- Hagfræði, Hagfræðideild
- Kynjafræði, Stjórn málafræðideild
- Lögfræði, Lagadeild
- Sagnfræði, Sagnfræði- og heimspekideild
- Viðskiptafræði, Viðskiptafræðideild

Jafnframt er boðið upp á stjórn málafræði sem 60 eininga aukagrein sem hægt er að taka með hinum ýmsu námsgreinum í Háskóla Íslands.



Hluti af námi tekið við erlendan háskóla

Stjórn málafræðideild er í nánnum tengslum við erlenda háskóla og stjórn málafræðinemar geta sótt um að fara sem skiptistúdentar til fjölda háskóla víða um heim. Margir stjórn málafræðinemar hafa nýtt sér þessi tækifæri. Flestir fara með ERASMUS og NORDPLUS stúdentaskiptum en einnig býðst einum til tveimur stjórn málafræðinemum árlega að sérhæfa sig í stjórn málum Norðurlanda með því að fara sem skiptistúdentar til háskólans í Seattle í Bandaríkjunum.

Allar nánari upplýsingar um stúdentaskipti er að finna á vef Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands: www.ask.hi.is.

Kennsluskra með öllum nánari upplýsingum um uppbyggingu námsins og einstaka námskeið er að finna í kennsluskra Háskóla Íslands: www.kennsluskra.hi.is.



Spennandi BA-ritgerðir

Nemendur nýta sér þá þekkingu og færni sem þeir öðlast í náminu þegar kemur að vinnu við lokaverkefnið. Nemendur ljúka náminu með BA-ritgerð um efni að eigin vali undir leiðsögn kennara í greininni. Meðal lokaverkefna sem unnin hafa verið í BA-náminu eru:

- Forseti Íslands og ríkisstjórnarmyndanir
- Hlutverk Ríkisútvarpsins í almannavörnum
- Bandaríkin, Bush og utanríkisstefnan
- Eru tengsl milli kynferðis og árangurs í prófkjörum stjórn málaflokka?
- Alþjóðavæðing og Mið-Austurlönd: Ýtir alþjóðavæðing undir öfgahyggju í Mið-Austurlöndum?
- Rafrænt eftirlit: Aukið öryggi eða persónunjósnið?
- Þjóðaratkvæði: Hver ætti að hafa rétt til að skjóta málum til þjóðar?
- Í stríði gegn hryðjuverkum: Greining á einkennum hryðjuverkaógnarinnar og beitingu hernaðar gegn þeirri ógn
- Stóriðja á Austurlandi: Stefngreining, samfélagsáhrif og umræða
- Kynjajafnrétti í Austur-Evrópu: Samanburður á stöðu kvenna fyrir og eftir fall kommúnismans

Margir möguleikar að námi loknu



Framhaldsnám

Nám í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands hefur reynst bæði fræðilega öflugt og hagnýtt og opnar möguleika á fjölbreyttu framhaldsnámi hér á landi sem og erlendis. Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands býður upp á eftirfarandi framhaldsnám:

- MA-nám í alþjóðasamskiptum
- MA-nám í Evrópufræðum
- MA-nám í kynjafræði
- MPA-nám í opinberri stjórnsýslu
- MA-nám í stjórnmálafræði
- Diplómanám í alþjóðasamskiptum, Evrópufræðum, hagnýtri jafnréttisfræði, opinberri stjórnsýslu og smárikjafræðum.
- Doktorsnám

Nemendum hefur gengið mjög vel í framhaldsnámi erlendis og hafa stundað nám við bestu háskóla beggja vegna Atlantshafsins. Fjölmargar leiðir eru í boði í framhaldsnámi í stjórnmálafræði víða um lönd. Þar á meðal má nefna:

- Ýmis svið alþjóðasamskipta, svo sem Evrópufræði, alþjóðleg öryggismál og alþjóðastofnanir
- Stjórnmálaatferli, þar á meðal almenningsálit og kannanir
- Stjórnmálhagfræði

- Samanburðarstjórnmál, þar á meðal stjórnmál einstakra landa eða heimshluta
- Opinber stefnumótun, svo sem á sviði umhverfismála og sveitarstjórnamála
- Opinber stjórnsýsla, þar á meðal um stjórnun og forystu í opinbera geiranum
- Stjórnmálakenningar, bæði hinar klassísku kenningar stjórnmálaheimspekinnar og nýrri kenningar

Fleiri möguleikar standa opnir þeim sem hafa lokið BA- prófi í stjórnmálafræði eins og:

- Blaða- og fréttamennska, fjölmiðlun
- Viðskiptafræði (MBA)
- Hagfræði
- Aðferðafræði
- Lögfræði

Atvinnumöguleikar

Stjórnmálafræðinámið við Háskóla Íslands er fjölbreytt og veitir útskrifuðum nemendum því ótal möguleika á að velja sér starf að námi loknu. Stjórnmálafræðingar hafa haslað sér völlu víðs vegar í atvinnulífinu á undanförunum árum og fyrir utan kennslu og rannsóknir vinna stjórnmálafræðingar einkum við eftirfarandi störf:

- Fjölmiðla- og upplýsingastörf
- Hjá ráðgjafarfirmum
- Við alþjóðasamskipti og hjá alþjóðastofnunum
- Stjórnsýslustörf, bæði hjá ríki, sveitarfélögum og hjá einkafyrirtækjum
- Hjá hagsmunasamtökum og þrýstihópum

Ekki bara lærdómur í skólastofunni



Kraftmikið félagslíf

Politica er nemendafélag stjórnmálafræðinema við Háskóla Íslands. Félagið stendur fyrir spennandi og fjölbreytilegu félagslífi allan veturinn og er eitt virkasta nemendafélagið innan veggja háskólans. Politica heldur úti lifandi heimasíðu á slóðinni www.politica.hi.is en þar eru hinir ýmsu viðburðir félagsins auglýstir. Á síðunni er einnig að finna spjallborð, glósubanka og skemmtilega myndasíðu þar sem nemendum gefst tækifæri á að skoða myndir frá viðburðum félagsins.

Það er margt um að vera yfir skólaárið og má t.d. nefna eftirfarandi:

- Nýnemaferðin
- Vísindaferðir
- Stjórnhagdagurinn
- Forum Politica
- Árshátíð Politica
- Kennara/nemendafögguðurinn



Alþjóðlegur sumarskóli

Sumarskóli Rannsóknaseturs um smáríki (umfjöllun um setrið er að finna síðar í bæklingnum) hefur verið starfræktur frá árinu 2003 með styrk frá ERASMUS. Með sumarskólanum er lögð áhersla á að ræða stöðu smárra ríkja í Evrópusamrunum. Erlendir fræðimenn á sviði stjórnmálafræði, hagfræði, félagsfræði og sagnfræði eru kennarar skólans ásamt þeim sem koma frá Háskóla Íslands. Með því að sækja sumarskólann fá nemendur kjörið tækifæri til að sitja alþjóðlegt námskeið með erlendum stúdentum sem koma frá samstarfsskólum setursins. Námið fer fram í lok júní og er metið til átta eininga.



Námsferðir til útlanda

Stjórnmálafræðinemar fara árlega í námsferð til Brussel til að kynna sér starfsemi NATO, EFTA, Evrópusambandsins og sendiráðs Íslands í Brussel. Stjórnmálafræðinemar hafa einnig farið í námsferðir til Washington og New York og kynnt sér m.a. starfsemi Sameinuðu þjóðanna, sendiráðs Íslands í Washington og bandaríska þingsins.



Stofnanir tengdar Stjórnmálafræðideild

Öflugur starf í tengslum við þjóðlífið og alþjóðasamfélagið

Stofnanir Stjórnmálafræðideildar skipuleggja fjölda opinna viðburða sem nemendur eru hvattir til að sækja samhliða náminu. Boðið er upp á fyrirlestra, málstofur og umræðufundi um alþjóðamál, alþjóðastofnanir, stjórnmál, opinbera stjórnsýslu og stefnumótun, og þjóðmál líðandi stundar. Stjórnmálafræðideild leggur mikla áherslu á samstarf við aðrar deildir Háskóla Íslands, innlendrar stofnanir, samtök og fyrirtæki svo og erlenda fræðimenn og háskóla. Þetta samstarf birtist m.a. í grósku í starfi þeirra stofnana sem Stjórnmálafræðideild rekur eða á aðild að: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, MARK – Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna, Alþjóðamálastofnun og Rannsóknasetur um smáríki. Þessar stofnanir styðja við starf Stjórnmálafræðideildar.



Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála

Stofnunin er vettvangur samstarfs Stjórnmálafræðideildar við opinbera aðila o.fl. um eflingu náms og rannsókna um stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga. Stofnunin er jafnframt vettvangur umræðna um stjórnmál og stjórnsýslu. Reykjavíkurborg er sérstakur samstarfsaðili stofnunarinnar, en hún starfar jafnframt í nánum tengslum við ráðuneyti, stofnanir, fyrirtæki og samtök, bæði innlend sem erlend. Á hverju misseri stendur stofnunin fyrir fjölda funda, málþinga og námskeiða.

Vefsíða Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála er www.stjornsyslustofnun.hi.is. Stofnunin rekur einnig vefinn www.nyskopunarvefur.is sem er tileinkaður nýsköpun í opinberum rekstri.

Veftímarit um stjórnmál og stjórnsýslu

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála gefur út vefrit um stjórnmál og stjórnsýslu: www.stjornmalogstjornsysla.is. Veftímaritið er vettvangur birtinga fræðigreina um stjórnmál og stjórnsýslu og tengdar greinar. Auk ritýndra greina eru jafnframt birtar almennar greinar og erindi, auk bókadóma. Þar er einnig að finna gagnleg vefböng, þar á meðal öll þau tímarit sem eru í rafrænni áskrift á Landsbókasafni – háskólasafni. Veftímaritið er gefið út tvisvar á ári, í júní og desember og er það öllum opið á vefnum.



MARK – Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna

MARK sinnir rannsóknum á sviði mannréttinda og mismununar, jafnréttis-, kynja- og margbreytileikafræða. MARK stuðlar að innlendu og erlendu samstarfi á fræðasviðinu, sinnir ráðgjöf og rannsóknatengdum þjónustuverkefnum, kynnir niðurstöður rannsókna með útgáfu, fyrirlestrum, fræðslufundum, málþingum og ráðstefnum. MARK tekur þátt í stefnumótun, umræðu og framþróun á sviðinu í samstarfi við opinbera aðila, atvinnulíf og þjóðlíf.

Vefsíða: www.mark.hi.is

Alþjóðamálastofnun

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands er rannsókn, fræðslu og þjónustustofnun. Stofnunin stuðlar að upplýstri umræðu meðal fræðimanna, almennings og annarra aðila, sem láta sig íslensk utanríkismál og alþjóðamál varða. Stofnunin er vettvangur fyrir fræðileg alþjóðasamskipti og þverfagleg þjónustuverkefni fyrir atvinnulíf, fyrirtæki og stofnanir. Markmið Alþjóðamálastofnunar er að vera leiðandi í rannsóknum um alþjóðamál og smáríki í heiminum, að auka gæði og framboð náms um alþjóðamál og smáríki í grunn og framhaldsnámi á háskólastigi, og að vera þjónustustofnun fyrir atvinnulíf og hið opinbera.

Rannsóknasetur um smáríki

Rannsóknasetur um smáríki er faglega sjálfstæð stofnun sem starfar innan vébanda Alþjóðamálastofnunar og fer sameiginleg stjórn með málefni beggja stofnananna. Meginmarkmið setursins er að auka rannsóknir og fræðslu í smárikjafraeðum. Setrið stendur fyrir fjölbreyttum rannsóknum, ráðstefnum, málstofum og kennslu um smáríki og heldur úti öflugri ritröð um rannsóknir í smárikjafraeðum.

Pia Hansson er forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki.

Vefsíða Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki: www.stofnanir.hi.is/ams.

Kennarar og starfsfólk

Fastir kennarar deildarinnar eru með próf frá virtustu háskólum heims. Rannsóknir þeirra spanna vítt svið og niðurstöður þeirra eru iðulega birtar á innlendum og erlendum vettvangi.



Alyson Bailes

MA í nútímasögu,
aðjúnkt við Stjórn mála-
fræðideild HÍ



**Anna Margrét
Eggertsdóttir**

MA, verkefnisstjóri við
Stjórn málafræðideild HÍ



Ásta Möller

MPA, forstöðumaður
Stofnunar stjórnsýslufræða
og stjórnmála HÍ



Dr. Baldur Þórhallsson

Ph.D. í stjórnmálafræði,
Jean Monnet prófessor við
Stjórn málafræðideild HÍ



Elva Ellertsdóttir

MPA, deildarstjóri
Stjórn málafræðideildar HÍ



**Dr. Gunnar Helgi
Kristinnsson**

Ph.D. í stjórnmálafræði,
prófessor við Stjórn mála-
fræðideild HÍ



**Dr. Gyða Margrét
Pétursdóttir**

Ph.D. í kynjafræði,
aðjúnkt við Stjórn mála-
fræðideild HÍ



**Dr. Hannes Hólmsteinn
Gissurarson**

Ph.D. í stjórnmálafræði,
prófessor við Stjórn mála-
fræðideild HÍ



Dr. Hulda Þórisdóttir

Ph.D. í sálfræði, lektor við
Stjórn málafræðideild HÍ



Margrét S. Björnsdóttir

MA í félagsfræði, MPA,
aðjúnkt við Stjórn mála-
fræðideild HÍ



Dr. Maximilian Conrad

Ph.D. í stjórnmálafræði,
lektor við Stjórn mála-
fræðideild HÍ



**Dr. Ómar H.
Kristmundsson**

Ph.D. í stjórnsýslufræðum,
prófessor við Stjórn mála-
fræðideild HÍ



**Dr. Sigurbjörg
Sigurgeirsdóttir**

Ph.D. í stjórnsýslufræðum,
lektor við Stjórn mála-
fræðideild HÍ



Silja Bára Ómarsdóttir

MA í alþjóðasamskiptum,
aðjúnkt við Stjórn mála-
fræðideild HÍ



**Dr. Stefanía
Óskarsdóttir**

Ph.D. í stjórnmálafræði,
lektor við Stjórn mála-
fræðideild HÍ



Dr. Svanur Kristjánsson

Ph.D. í stjórnmálafræði,
prófessor við Stjórn mála-
fræðideild HÍ



Dr. Þorgerður Einarsdóttir

Fil.dr. í félagsfræði,
prófessor við Stjórn mála-
fræðideild HÍ

Skráning og innritunargjöld

Til að hefja BA-nám í stjórnmálafræði þurfa nemendur að hafa lokið stúdentsprófi eða hafa sambærilegt próf frá erlendum skóla.

Hægt er að sækja rafrænt um skólavist á www.hi.is
Umsóknarfrestur rennur út 5. júní.

Ekki eru innheimt skólagjöld við Háskóla Íslands, hins vegar greiða nemendur innritunargjald á ári hverju.

Kennsluskrá á vefnum:
www.kennsluskra.hi.is

Nánari upplýsingar:
Skrifstofa Stjórnmálafræðideildar
Gimli v/Sæmundargötu
Sími: 525 4573 / 525 5445
Netfang: stjornmal@hi.is
Veffang: www.stjornmal.hi.is
Skrifstofan er opin mánudaga til föstudaga
frá kl. 10:00 – 12:00 og 13:00 – 15:30



HÁSKÓLI ÍSLANDS
STJÓRN MÁLAFRÆÐIDEILD

